

Fundargerð faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi 21

3. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi 21, haldinn föstudaginn 17. maí í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 14:00.

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, Tómas Ellert Tómasson, Óðinn K. Andersen, Júlíana Tyrfingsdóttir, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Krístrún Hafliðadóttir, Eiríkur Steinn Búason, Ásta Malmquist, frá ASK arkitektum, Torfi G. Sigurðsson frá Mannvit, Hermann Ólafsson frá Landhönnun og Þorsteinn Hjartarson, sem ritaði fundargerð. Mistök voru gerð í fundarboðun og Sveinn Ægir Birgisson fékk ekki fundarboðið og er beðist velvirðingar á því.

Eiríkur Steinn fór yfir atriði sem þarf að ræða á fundinum og skráði nánar um ýmislegt sem fram kemur í fundargerðinni.

Ásta Malmquist frá ASK arkitektum kynnti þá vinnu sem hefur verið unnin frá síðasta fundi, deiliskipulagstillögur og þegar er búið að víxla á lóðum. Lóðin er aðeins stærri sem er gott.

Búið að aðlaga húsið eftir vettvangsheimsókn og minni fund með leikskólastjórum. Sýndi þetta í þrívídd. Ef er áhugi hjá hópnum þá er hægt að vera með sýndarveruleika.

Farið í hvert rými, umræða, ábendingar m.a. um eldhús, móttöku, lager, spurning um stærð á kælum og frystum og fjöldi.

Inngangur starfsmanna, kaffistofa, fatarými og salerni. Salur er orðinn meira ferningslaga gólfplötur og er um 60 m². Gera þarf ráð fyrir búnaði, svo sem v/hljóðkerfis og skjás. Umræða um þörf á búnaðarlýsingu fyrir öll rými.

Vinnuherbergi kennara yrði einnig fundarherbergi fyrir 8-9 manns - tölvur við vegg, borð á miðjunni og sömu stólar notaðir á báðum stöðum.

Listgreinastofa.

Skrifstofur stjórnenda, m.a. rætt um læsta skápa.

Þvottahús og inntaksrými.

Sameign/Gangur. Ekki hafa flísar á gangi.

Fatahólf, 3 deildir deila fatarými.

Deildir. Bent á að ein deildin þurfi að vera 4 rými.

Nú er komin lóð og allar forsendur komnar fyrir lóðarhönnun. Gott að Hermann Ólafsson, lóðahönnuður, fái ábendingar. Gagnlegt að fá ábendingar um lóð sem hentar yngstu börnunum. Leikskólastjórnendur líta á drögin sem koma frá Hermann. Leikskólastjórar senda punkta á miðvikudaginn í næstu viku og svo að hittast ca. eftir tvær vikur.

Fjallað um möguleg byggingarefni í burðarvirki, þ.e. krosslímdar timbureiningar (CLT) eða steypa. Spurt um umhverfisleg markmið, kolefnissporið, atvinnuuppbyggingu á svæðinu o.fl.

Samþykkt að halda næsta fund mánudaginn 3. júní kl. 13:00.

Fundi slitið kl. 16:00